



Borgarráð

Reykjavík, 13. apríl 2026  
MSS26030129

### Minnismerki um kvennabaráttuna

Lagt er til að borgarráð samþykki að reisa minnismerki um kvennabaráttuna í samstarfi við fulltrúaráð verkalýðshreyfingarinnar í Reykjavík í samræmi við viljayfirlýsingu þess efnis sem undirrituð var 23. október 2025 af borgarstjóra og formanni fulltrúaráðs verkalýðshreyfingarinnar í Reykjavík. Minnismerkið styður við sjálfsmynd Reykjavíkurborgar sem jafnréttisborg og heiðrar sögu og framlag Rauðsokkahreyfingarinnar og baráttusögu kvenna fyrir jafnrétti, félagslegu réttlæti og jöfnuði í samfélaginu. Verkinu hefur verið fundinn staður í Hljómskálagarðinum og er kostnaðaráætlun 11,3 m.kr. Framlag fulltrúaráðs verkalýðshreyfingarinnar mun nema 5 m.kr og lagt er til að móttframlag Reykjavíkurborgar verði 6,3 m.kr. auk að hámarki 1 mkr kostnaðar við frágang. Framlag Reykjavíkur er fjármagnað af liðnum ófyrirséð.

#### *Greinargerð:*

Minnismerkið er endurgerð Venusar eða Sáttarinnar sem var gerð af Jóni Benediktssyni fyrir leikmynd Messíönu Tómasdóttur fyrir leiksýninguna Lýsisströtu árið 1970, leikstjóri var Brynja Benediktsdóttir. Styttan var svo fengin að láni 1. maí 1970 þegar konur á rauðum sokkum ákváðu að fylkja liði í kröfugöngu verkalýðsins í Reykjavík, en sá viðburður markaði upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar.

Áformað er að minnismerkið verði reist austast í Hljómskálagarðinum og verði rúmir tveir metrar á hæð. Horft verði til verklagsreglna vegna samninga Reykjavíkurborgar og lóðahafa um list í almannarými sem rammann utan um verkefnið. Teymi á vegum Reykjavíkurborgar sem samanstendur af fulltrúum Listasafns Reykjavíkur, umhverfis- og skipulagssviðs ásamt fulltrúa frá verkalýðshreyfingunni í Reykjavík vinni að nánari útfærslu og eftirfylgni verkefnisins að höfðu samráði við önnur svið Reykjavíkurborgar og aðra hagaðila eins og við á.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og formanns fulltrúaráðs verkalýðshreyfingarinnar í Reykjavík um að minnismerki yrði reist í borgarlandi – dags. 23. okt. 2025



Reykjavík



## Viljayfirlýsing

### um minnismerki kvennabaráttunnar

Reykjavíkurborg og fulltrúaráð verkalýðshreyfingarinnar í Reykjavík lýsa yfir sameiginlegum vilja til að setja upp minnismerki í borgarlandi Reykjavíkur sem heiðrar sögu og framlag Rauðsokkahreyfingarinnar í baráttunni fyrir jafnrétti, félagslegu réttlæti og bættum lífskjörum á Íslandi.

Minnismerkið er endurgerð *Venusar* eða *Sáttarinnar* sem var gerð af Jóni Benediktssyni fyrir leikmynd Messíönu Tómasdóttur fyrir leiksýninguna Lýsisströtu árið 1970, leikstjóri var Brynja Benediktadóttir. Styttan var síðan fengin að láni 1. maí 1970 þegar konur á rauðum sokkum ákváðu að fylkja liði í kröfugöngu verkalýðsins í Reykjavík en sá viðburður markaði upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar.

Minnismerkið verði staðsett á áberandi, aðgengilegum og merkingarbærum stað í borginni í samráði við gefanda verksins. Verkefnið skal styðja við menningarlega sjálfsmynd Reykjavíkur sem jafnréttisborg og vera hluti af víðtækari viðleitni til að gera sýnilegt framlag kvenna í opinberu rými.

Við undirrituð erum sammála um að vinna saman að undirbúningi, fjármögnun og framkvæmd verkefnisins, og tryggja að minnismerkið verði reist með virðingu fyrir baráttusögu kvenna og framtíðarsýn um réttlæti og jöfnuð í samfélaginu.

Reykjavík, 23. október 2025

  
F.h. Reykjavíkurborgar

  
F.h. fulltrúaráð verkalýðshreyfingarinnar  
í Reykjavík



Reykjavík